

#### 4. fundur Rekstarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi kjörtímabilið 2014-2018

**Fundarstaður:** Félagslundur  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 9. desember 2014  
**Fundartími:** 20:30-22:30  
**Fundarmenn:** *Stefán Geirsson, formaður*  
*Elin Höskuldsdóttir, T-lista (varamaður í fjarveru Rósu Matthíasdóttur)*  
*Anný Ingimarsdóttir, fulltrúi Samhygðar og kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps*  
*Veronika Narfadóttir, fulltrúi Baldurs og kvenfélags Hraungerðishrepps*  
*Reynir Jónsson, fulltrúi Vöku og kvenfélags Villingaholltshrepps*  
*Rúnar Magnússon, umsjónarmaður fasteigna í Flóahreppi*  
*Ingibjörg Einarsdóttir, húsvörður í Þingborg*  
*Kristín Ólafsdóttir, húsvörður í Félagslundu.*

Stefán Geirsson sett fund og bauð fundarmenn velkomna. Anný Ingimarsdóttir, ritaði fundargerð.

##### 1. Tónahátíð

Rætt var um Tónahátíð, 58 einstaklingar borguðu sig inn á viðburinn í Félagslundu þann 15. nóvember, en þar skemmti Stormsveitin ásamt kvæðamanninum Steindóri Andersen. Stormsveitin er metnaðarfullur 20 manna karlakór sem flytur allt frá hefðbundnum karlakórslögum eins og Brennið þið vitar til rokktónlistar líkt og Metallica. Stefán velti upp hvort Rekstrarstjórn ætti yfir höfðu að vera að koma að slíkum viðburðum. Stefán velti fyrir sér hvort félagasamtök innan hreppsins gætu séið um þetta. Einnig var umræða hvernig hægt væri að fá fleirri til að mæta á þessa viðburði. Rætt var um hvort ætti að hafa einn stóran viðburð í stað tveggja til þriggja eins og hefur verið undanfarin ár. Ekki voru teknar neinar ákvarðanir, hvorki um hvort rétta fyrirkomulagið væri að Rekstrarstjórn sæi um þetta eða hvort það yrði haldin einn eða fleirri viðburðir, þó hölluðust fundarmenn að einum stórum viðburði en allir voru þó sammála um að halda þessu áfram en voru þó sammála um að það þyrfti einhverjar breytingar til að fjölga þeim sem sæktu viðburðina.

##### 2. Gjaldskrá vegna leigu á félagsheimilunum

Rætt var um hvort hækka ætti gjaldskrá fyrir félagsheimilin. Stefán ræddi um hvort það væri rétt að gera það miðað við það verðlag í landinu. Rúnar ræddi um að litlir fundir væru frekar dýrir og var þó nokkur umræða um það. Þá var umræðan um hvort smærri félög inna sveitar ættu að fá afnot af húsunum gjaldfrítt s.s. einn fund á ári fyrir aðalfund sinn. Þetta eru um 16 félög sem eru starfrækt innan Flóahrepps:

- |                                      |   |
|--------------------------------------|---|
| Búnarfélag Gaulverjabæjarhrepps      | Skótardeild Samhygðar                   |
| Búnaðarfélag Villingarholltshrepps   | Skógræktarélag Villingarholltshrepps    |
| Búnaðarélag Hraungerðishrepps        | Skógræktarfélag Hraungerðishrepps       |
| Nautgripafélag Villingar-og          | Hrossaræktarfélag Gaulverjabæjarhrepps  |
| Gaulverjabæjarhrepps                 | Hrossaræktarfélag Villingarholltshrepps |
| Nautgripafélag Hraungerðishrepps     | Hrossaræktarfélag Hraungerðishrepps     |
| Sauðfjárfélaga Gaulverjabæjarhrepps  | Flóakorn                                |
| Sauðfjárfélaga Villingarholltshrepps | Veiðifélag Flómanna                     |
| Sauðfjárfélag Hraungerðishrepps      |   |

Tillaga kom fram að ofangreind félög greiði lágmarksgjald vegna fundar (litlir fundir) samkvæmt gjaldskrá kr. 6.000 en möguleiki væri að væri að sækja um styrk til sveitarstjórnar vegna fundanna, miðað er við einn fund á ári. Talið er betra að félögin hafi tækifæri til að sækja um styrk til sveitarfélagsins í stað þess að hafa þetta alveg gjaldfrjálst, þar sem sum félögin standa betur að vígi fjárhagslega en önnur. Fundarmenn samþykkja tillöguna og vísa þessu til sveitarstjórnar til frekari ákvarðanna.

Ákveðið var gjaldskrá félagsheimilanna í Flóahreppi yrði óbreytt fyrir árið 2015.

### 3. Auglýsinga-og markaðsmál

Á flestum fundum Rekstarstjórnar kemur upp umræða hvernig sé hægt að auka notkun á félagsheimilunum. Samþykkt var að setja auglýsingar í Dagskránnu um að hægt sé að fá tíma til íþróttaiðkunnar, halda veislur, ættarmót o.fl. Þessi auglýsing myndi koma nokkrum sinnum í blaðið. Þetta blað er valið vegna þess að henni er dreift ókeypis um suðurlandið. Einnig var samþykkt að senda bréf á starfsmannafélög á Selfossi sem og ungmennafélag Selfoss til að auglýsa húsin. Stefán Geirsson mun sjá um að gera drög að bréfi og senda fundarmönnum.

Þá var rætt um að nýta þá fjölmiðla s.s. útvarp Suðurlands og var rætt um að fá Ragnar í Brandshúsum sem er með vikulega þætti á útvarspi Suðurlands til að fjalla um félagsheimilin. Þávar rætt um að Gestur á Hæli væri með íþróttapátt í útvarpi Suðurlands og það mætti fá hann til að auglýsa aðstöðuna undir íþróttaiðkun.

Einnig var rætt um hvort það væri sniðugt að útbúa Facebook síðu þar sem upplýsingar um félagsheimilin kæmu fram.

Rætt var um að ef fólk færi inn á heimasíðu Flóahrepps þá væri mjög auðvelt að finna upplýsingar um félagsheimilin. Þá var rætt um að þegar fólk væri að leita að sal til að halda veislur, ættarmót eða annað þá notaði það vefmiðla t.d. Google.is og þegar slegið væri inn „veislur“ eða eitthvað leitarorð sem tengist því þá er gott ef hægt væri að setja það upp að félagsheimilin kæmu upp eða heimasíða Flóahrepps og þá kæmu félagsheimilin upp þar. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða nánar og jafnvel í samvinnu við sveitarstjórn/sveitarstjóra.

Fram kom hjá húsvörðum að félagsheimilin væru lítið bókuð í janúar og febrúar.

### 4. Samþykkt félagsheimilana

Stefán ræddi um að það þyrfti að skoða samþykktir félagsheimilanna og uppfæra þær. Aðalega ræddi hann um að skoða þyrfti 1.gr. Fundarmenn voru ekki með þessa samþykkt og ætlaði Stefán að senda hana á fundarmenn. Umfjöllun og afgreiðslu frekstað til næsta fundar.

### 5. Bréf frá Umf. Baldri

Eftirfarandi tölvupóstur barst þann 7. desember sl. til rekstrarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi, varðandi skoðun á breytingum á Félagshimilinu Þingborg.

*Rekstrarnefnd Félagshimilanna í Flóahreppi*

*Stjórn Ungmennafélagsins Baldurs bókaði á stjórnarfundum þann 27. október síðastliðin að það legðist sem eignaraðili Félagshimilisins Þingborgar, gegn þeim breytingum sem hugmyndir hafa verið uppi um að gera á Félagshimilinu Þingborg, það er að segja að rífa burt sviðið og stækka salinn sem því nemur. Heyrst hefur að rekstrarnefnd hafi tekið málið fyrir og sé að láta skoða þennan möguleika. Greinargerð: Sviðið í Þingborg er einhvert stærsta svið á Suðurlandi og býður því uppá nokkra möguleika sem slíkt. Ungmennafélagið Baldur notar sviðið sennilega mesta allra til uppsetningar á þorrablótsannálum, þar sem æft er í 3 til 4 vikur frá byrjun janúar fram að þorrablóti ár hvert.*

*Stjórn Ungmennafélagsins Baldurs*

Rekstrarstjórn ræddi um þessi mál á síðasta fundi sínum og fékk Rúnar Magnússon, umsjónarmann fasteigna til að kanna hvort þetta væri möguleiki þ.e. að breyta sviðinu í Félagshimilinu Þingborg. Rúnar upplýsti að hann teldi þetta vera mikil vinna og mjög kostnaðarsamst. Hann sagði að það þyrfti að fá verkfærðilega útreikninga ef ætti að fara í þessa framkvæmdir t.d. þyrfti að athuga með burðarþol o.fl.

### 6. Fundarmenn skoðuðu Félagslund

Fundarmenn fóru í skoðunarferð um Félagslund m.a. var skoðað hvernig væri hægt að nýta rími þar sem fyrverandi hreppskrifstofa var í, sem og geymslu þar sem íþróttatæki eru geymd.

### 7. Önnur mál

- Anný óskaði eftir að dagskrá yrði send á fundarmenn framveigis fyrir fundinn.

- Rætt var um að halda aðalfund félagsheimilanna aðra vikuna í febrúar.
- Næsti fundur Rekstarstjórnar verður þriðjudaginn 20. janúar 2015 í Þingborg.